

## Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 99.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn á Blöndósi 12. ágúst 2021 kl 16:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson, Snorri Finnlaugsson, áheyrnarfulltrúi frá Flokkun Eyjafjarðar og Fannar J. Viggósson. Einnig sat fundinn Smári Guðfinnsson frá Verkfræðistofunni Eflu.

### Dagskrá

1. Fundargerð 98. fundur.
2. Breyting á boðun aðalfundar.
3. Brennslustöð – valkostir og kostnaður.
4. Önnur mál.

#### 1. Fundargerð 98. fundur.

Fundargerð frá stjórnarfundum nr. 98 samþykkt formlega og undirrituð.

#### 2. Breyting á boðun aðalfundar.

Vegna ýmissa ástæðna var samþykkt að fresta áður boðuðum aðalfundi sem fyrirhugaður var fimmtudaginn 19. ágúst til 2. september. Áætlað að fundurinn verði í Miðgarði þann dag kl: 15:00.

#### 3. Brennslustöð – valkostir og kostnaður.

Smári Guðfinnsson frá Verkfræðistofunni Eflu var með ítarlega kynningu á uppbyggingu brennslustöðvar fyrir lífrænan úrgang af sjálfdaudum skepnum, en þar væri einnig hægt að brenna lífrænan úrgang frá afurðastöðvum sem tilheyrðu áhættuflokki eitt en ekki gert ráð fyrir að ofninn verði með afköst til að brenna öllum sláturúrgangi. Einnig lagði hann fram hugmynd að uppbyggingu á brennsluofni sem tæki bæði lífræna úrganginn og ákveðið sormagn. Hann gerði grein fyrir mismunandi rekstraraðferðum og lagði fram kostnaðarmat á uppbyggingu slíkra ofna og áætlaðan rekstrarkostnað þeirra. Í öllum tilfellunum er gert ráð fyrir að nýta allt það metangas sem safnað er á svæðinu til reksturs ofnanna. Miklar umræður urðu um þessa valkosti, kosti þeirra og galla. Ákveðið var að fela Smára að vinna áfram með áætlun um uppbyggingu á brennsluofni sem myndi einungis taka lífræna úrganginn. Lögð var áhersla á að orkan sem frá brennslunni kæmi yrði nýtt til orkuframléiðslu og var Smára falið að leggja mat á þá kosti sem eru í stöðunni varðandi þá nýtingu. Jafnframt var rætt um hvernig fjármagna mætti þessa fjárfestingu þannig að allir búfjáreigendur í sveitarfélögum eigenda Norðurá bs. bæru jafnan kostnað. Smára falið að vinna gögnin áfram og ákveðið að fá hann til að vera með kynningu á næsta aðalfundi

Norðurá bs. og kynna þá eigendum félagsins þær hugmyndir sem stjórnin vinnur að. Ekki verður farið í framkvæmdina nema með samþykkti meirihluta eigenda fyrir stofnkostnaði og rekstri.

#### 4. Önnur mál.

Rætt var um það pláss sem eftir er í núverandi urðunarhólfi og hvenær þyrfti að horfa til stækkunar á því og hve stór áfangi verði tekinn. Ákveðið að fá Verkfræðistofuna Eflu til mæla plássið sem eftir er í gryfjunni og skoða hvað áætlað sorpmagn verði á komandi árum. Fannar lagði fram göng um urðað magn það sem af er ári og samanborið við árið 2020 stefnir í að það verði heldur minna.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 18:30

---

Magnús B. Jónsson

---

Einar E Einarsson

---

Sveinn Úlfarsson

---

Snorri Finnlaugsson

---

Fannar Viggósson